

2. fundur fræðslunefndar v/Flúðaskóla árið 2010, haldinn 6. apríl kl. 12:00, í Flúðaskóla. 45. fundur kjörtímabilsins.

Mætt til fundar: Halldóra Hjörleifsdóttir formaður, Esther Guðjónsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri, Jóhanna Lilja Arnardóttir, aðstoðarskólastjóri, Bára Sævaldsdóttir, fulltrúi kennara, Berglind Bjarnadóttir og Jóhannes Sigurðsson, Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Axel Árnason Njarðvík, fulltrúi úr skólaráði.

Dagskrá

1. Skýrsla skólastjóra
2. Önnur mál

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla skólastjóra

Flúðaskóli fékk Menntaverðlaun Suðurlands 2009 fyrir verkefnið Lesið í skóginn sem Menningar- og menntamálanefnd SASS veitir nú í annað sinn. Fyrir þann sama dag komu Ísólfur sveitarstjóri og Ragnar oddviti til okkar í skólann, þeir hittu starfsfólk og nemendur á sal og færðu okkur árnaðaróskir og blómvönd frá hreppsnefndinni í tilefni dagsins. Ásamt viðurkenningarskjali fékk skólinn peningagjöf sem notuð verður til áframhaldandi uppbyggingar á skólastofu okkar í grenndarskóginum.

Sú nýbreytni að halda uppá öskudaginn í samstarfi við foreldrafélagið var skemmtileg tilbreyting sem tókst mjög vel.

Keppni í Skólahreysti var haldin 25. febrúar í Íþróttahúsinu Austurbergi í Reykjavík. Keppendur Flúðaskóla í voru þau Hjörleifur Þór í 10. bekk, Hafþór Ingi í 9. bekk, Hildur Guðbjörg og Karen Munda báðar í 8. bekk. Ákveðið var að bjóða nemendum í 8.-10. bekk að fara með rútu á keppnina því var farið þess á leit við Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp að borga fyrir okkur rútuferðina sem þeir gerðu. Nemendur stóðu sig með miklum sóma þrátt fyrir að hafa ekki lent í verðlaunasæti enda keppnin gríðarlega hörð.

Fimm nemendur í 8. - 10. bekk tóku þátt í stærðfræðikeppni grunnskóla á Suðurlandi. Þeir nemendur sem fóru fyrir skólans hönd voru Jón Aron 10. bekk, Guðrún 9. bekk, Jón Karl 9. bekk, Björgvin Viðar 8. bekk og Sandra Dögg 8. bekk. Jón Aron Lundberg lenti í 2. sæti í Stærðfræðikeppni grunnskólanna í 10. bekk með 96 stig af 100 mögulegum sem er næstmesti stigafjöldi keppninnar í öllum árgöngum þetta árið.

Úrslitakeppni stóru upplestrarkeppninnar var haldin í Félagslund í Flóa á miðvikudaginn. Fulltrúar Flúðaskóla voru Eyrún og Áslaug Guðný varamaður var Anna Dagbjört en þessar stúlkur báru sigur úr bítum í upplestrarkeppni innan skólans sem 7. bekkingar tóku þátt í. Eyrún og Áslaug Guðný stóðu sig báðar með mikilli þryði. Áslaug Guðný lenti í þriðja sæti í keppninni.

Árshátíð nemenda var haldin í vikunni fyrir páskafrí, nemendum Þjórskóla var boðið á lokaæfingu.

Þjórskóli bauð 1. - 7. bekk á Ronju Ræningjadóttur sem nemendur og kennarar Þjórskóla settu upp í tilefni Árshátíðar skólans.

Nú standa yfir starfsmannasamtöl og ekki lítur út fyrir að miklar breytingar verði á starfsmannahópnum.

2. Önnur mál.

- a) **Bréf frá foreldrum vegna árshátíðar.** Formaður las upp efni bréfsins. Málið rætt. Samþykkt að skólastjórnendur svari bréfinu.
- b) **Bréf frá CISV sumarþúðum.** Formaður kynnti efni bréfsins. Samþykkt að hafna erindinu þar sem viðhald á húsnæði þarf að fara fram á þessum tíma.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fundargerðin lesin yfir og samþykkt.
Fleira var ekki gert fundi slitið kl. 13.20